

FUNDARGERÐ

14. Fundar stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Fundarstaður: Sólheimar í Grímsnesi

Fundartími: Miðvikudagur 12. ágúst 2015 kl. 14.00

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon, en auk þeirra sitja fundinn Pétur Sveinbjarnarson og Magnús Ólafsson úr framkvæmdastjórn Sólheima og Guðmundur Ármann Pétursson framkvæmdastjóri Sólheima.

Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Efni fundarins.

Framkvæmdastjórn Sólheima óskaði eftir fundi með stjórn þjónustusvæðisins til að fara yfir málefni Sólheima og samskipti við stjórnina.

Í upphafi fundarins fór Pétur Sveinbjarnarson yfir stöðu Sólheima bæði sögulega og eins stöðu samfélagsins á Sólheimum í alþjóðlegu samhengi. Lagði hann áherslu á sérstöðu verkefnisins og eins að samningar um fjárveitingar til samfélagsins á Sólheimum sem ríkisvaldið hafði samþykkt vegna sérstöðu Sólheima, hefðu ekki fylgt með við yfirfærsluna á málefnum fatlaðs fólks til sveitarfélaganna. Þá greindi hann frá skipulagsbreytingum sem unnið er að á Sólheimum til að aðskilja eins og kostur er starfsemi sem tengist málefnum fatlaðs fólks frá annarri starfsemi innan samfélagsins á Sólheimum.

Fundarmenn skiptust á skoðunum um stöðuna í málefnum fatlaðs fólks bæði með tilliti til fjárveitinga og mats á þjónustu þörf og notkun SIS mats til útdeilingar á fjármunum. Fundarmenn voru sammála um nauðsyn þess að sem allra fyrst verði gengið frá endurmati á yfirfærslunni á málefnum fatlaðs fólks til sveitarfélaganna svo hægt verði að ganga frá samningum til lengri tíma við þá sem sinna þjónustu við fatlaða.

Að loknum fundinum var gengið um svæðið og framkvæmdir sem í gangi eru skoðaðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.20

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon